



Jenny Lind
Valdimarsdóttir

Fædd 9. ágúst 1932

Dáin 5. janúar 2023



Útför frá Akraneskirkerju
Þriðjudaginn 17. janúar 2023

Forspil

Ave María

Sigvaldi Kaldalóns - Indriði Einarsson

Bæn

Ég kveiki á kertum mínum
við krossins helga tré.
Í öllum sálum sínum
hinn seki beygir kné.
Ég villtist oft af vegi.
Ég vakti oft og bað.
Nú hallar helgum degi
á Hausaskeljastað.

Í gegnum móðu' og mistur
ég mikil undur sé.
Ég sé þig koma, Kristur,
með krossins þunga tré.
Af enni daggir drjúpa,
og dýrð úr augum skín.
Á klettinn vil ég krjúpa
og kyssa sporin þín.

Ég fell að fótum þínum
og faðma lífsins tré.
Með innri augum mínum
ég undur mikil sé.
Þú stýrir vorsins veldi
og verndar hverja rós.
Frá þínum ástareldi
fá allir heimar ljós.

*David Stefánsson
frá Fagraskógi*

Ritningarorð

Smávinir fagrir, foldarskart,
fífíll í haga, rauð og blá
brekkusóley, við mættum margt
muna hvort öðru að segja frá.

Faðir og vinur alls, sem er,
annastu þennan græna reit.
Blessaðu, faðir, blómin hér,
blessaðu þau í hverri sveit.

Vesalings sóley, sérðu mig?
Sofðu nú vært og byrgðu þig.
Hægur er dúr á daggarnótt.
Dreymi þig ljósið, sofðu rótt!

*Jón Nordal -
Jónas Hallgrímsson*

Ritningarorð

Snert hörpu mína, himinborna dís,
svo hlusti englar guðs í Paradís.
Við götu mína fann ég fjalarstúf
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré, sem fann ég út við sjó
ég fugla skar og líka' úr smiðjumó.
Í huganum til himins oft ég svíf
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,
og sumir verða alltaf lítil börn.
En sólin gyllir sund og bláan fjörð
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyrí' í fjarska villtan vængjabyt.
Um varþann leikur draumsins perluglit.
Snert hörpu mína himinborna dís,
og hlustið, englar guðs í Paradís.

Atli Heimir Sveinsson - David Stefánsson

Guðspjall

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

*Foersom / Sveinbjörn Egilsson - Matthías Jochumsson -
P.C. Krossing 1820 P.C. Krossing 1820*

Minningarorð

Líkt og ástarljóð sem enginn fékk að njóta,
eins og gulnað blað sem geymir oræð orð,
eins og gömul hefð sem búið er að brjóta,
þar er ég, þar ert þú, þar er allt það sem ástin okkur gaf.

Þannig týnist tíminn, þannig týnist tíminn,
þannig týnist tíminn þó hann birtist við og við.
Þannig týnist tíminn, þannig týnist tíminn,
þannig týnist tíminn þó hann birtist við og við.

Þannig týnist tíminn, þannig týnist tíminn,
þannig týnist tíminn þó hann birtist við og við.

Líkt og mynd sem bjó í vonarlandi þínu,
eins og æskuþrá sem lifnar við og við,
býr þar sektarkennd sem að ennþá nær að særa,
þar er ég, þar ert þú, þar er allt það sem ástin okkur gaf.

Líkt og sumarást sem aldrei náði að blómstra,
líkt og tregatár sem geymir falleg bros,
þarna er gömul mynd sem sýnir glaðar stundir,
þar er ég, þar ert þú, þar er allt það sem ástin okkur gaf.

Þannig týnist tíminn, þannig týnist tíminn,
þannig týnist tíminn þó hann birtist við og við.
Þannig týnist tíminn, þannig týnist tíminn,
þannig týnist tíminn þó hann birtist við og við.

Líkt og ástarljóð sem enginn fær að njóta
endar sem gulnað blað er geymir oræð orð,
eins og gamalt heit sem búið er að brjóta,
þar er ég, þar ert þú, þar er allt það sem ástin okkur gaf.

Bjartmar Guðlaugsson

Bæn / Faðir vor

Dagur er liðinn, dögg skín um völlinn,
dottar nú þröstur á laufgrænum kvist.
Sefur hver vindblær, sól guðs við fjöllin
senn hefur allt að skilnaði kysst.
Dvel hjá oss, guðs sól, hverf ei með hraða,
himneskt er kvöld í þinni dýrð;
ljósgeislum tendrast lífsvonin glaða.
Lýs vorri sál er burt þú flýrð.

Guðfagri ljómi, geislann þinn bjarta
gráta mun jörðin með társtirnda brá.
Seg hverju blómi, seg hverju hjarta:
“Senn skín þinn morgunn við himinfjöll blá.”
Hnig þú nú, guðssól, að helgum beði
harmdögg mun breytast í fegins tár;
kvöldhryggðin ásthrein til árdags gleði
uppris við dýrðar morgunsár.

Bechgaard - Steingrímur Thorsteinsson



Moldun

Almennur söngur

Allt eins og blómstrið eina Ég lifi' í Jesú nafni,
upp vex á sléttri grund í Jesú nafni' eg dey,
fagurt með frjóvgun hreina þó heilsa' og líf mér hafni,
fyrst um dags morgunstund, hræðist ég dauðann ei.
á snöggu augabragði Dauði, ég óttast eigi
af skorið verður fljótt, afl þitt né valdið gilt,
lit og blöð niður lagði - í Kristí krafti' eg segi:
líf manneget endar skjótt. Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson

Blessun

Eftirspil

Þökk sé þessu lífi

Violeta Parra - Ljód þýð. Þórarinn Eldjárn

Prestur: sr. Þóra Björg Sigurðardóttir

Organisti: Magnús Ragnarsson

Söngur: Tindatríó - Atli Guðlaugsson, Bjarni Atlason, Guðlaugur Atlason

Útfararþjónusta Akraneskirkyju

Jarðsett verður í Kirkjugarði Akraness

Ástvinir þakka samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar í Safnadarheimilinu Vinaminni að athöfn lokinni